



Framkvæmdaráðsfundur Delta Kappa Gamma á Íslandi

Haldinn í Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar
Laugardaginn 22. ágúst 2009 kl. 10:00–16:00

Vísíon to actíon
“Góðir hlutir gerast”

Dagskrá:

Mæting kl. 09:45 Kaffi á könnunni

- Kl. 10:00 Fundarsetning
- kveikt á kertum Ingibjörg Jónasdóttir
 - markmiðin lesin Sóley Halla Þórhallsdóttir
 - Orð til umhugsunar Anna Þóra Baldursdóttir
 - Fundargerð Ingibjörg Auðunsdóttir
 - Ýmis mál
 - Alþjóðasamtökin Sigrún Klara Hannesdóttir
 - Forum og Evrópuþingið í Osló Anna Þóra Baldursdóttir
 - Ný Landssambandsstjórn Ingibjörg Jónasdóttir
 - nefndir
 - framkvæmdaáætlun
 - Handbók Landssambandsins Anna Þóra Baldursdóttir
 - Vefmál Eygló Björnsdóttir
 - Vorfundur Ingibjörg Jónasdóttir
- Kl. 12:00 **Hádegishlé** – léttur hádegisverður borinn fram á staðnum.
- Kl. 12:30 Starfið framundan
- Starf í deildum og milli deilda – hvað getum við gert til að efla það?
 - Eigum við að styrkja málefni í nærsamfélaginu?
 - Eigum við að gera okkur sýnilegri?
 - Eigum við að efla tengsl við alþjóðasamfélagið?
 - Hvernig nýtum við vefinn betur?
 - O.fl.
- Samantekt og umræður
- Kl. 15:00 Skilaboð frá Guðbjörgu Sveinsdóttur Landssambandsgjaldkera.
Framkvæmdaáætlun Landssambandsstjórnar yfirfarin: Ingibjörg Jónasdóttir
- Fundarlok kl 15:30
- Kl. 15:40 Vefmál: Örnámskeið í DKG-vefnum, Eygló Björnsdóttir vefstjóri / Ingibjörg Jónasdóttir

Framkvæmdaráðsfundur Delta Kappa Gamma á Íslandi

Haldinn í Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar
Laugardaginn 22. ágúst 2009 kl. 10:00–15:30

Dagskrá:

Mæting kl. 09:45 – Kaffi á könnunni

Fundarsetning kl. 10:00: Ingibjörg Jónasdóttir, forseti landssambandsins setti fundinn og kveikt á kertum. Hún bauð fundarkonur velkomnar og bað þær að kynna sig. Sóley Halla Þórhallsdóttir las markmið samtakanna.

Orð til umhugsunar: Anna Þóra Baldursdóttir fráfarandi Landssambandsforseti.

Anna Þóra sagði það vera sér mikil ánægja að vera hér í dag enn einu sinni á þessum árlega systrafundi formanna, stjórnar og fleiri systra sem leggja okkur ætíð lið þegar að þessum fundum kemur. Sjálf hef hún skipulagt og stjórnað þessum fundum undanfarin tvö ár og þótt það að gegna starfi landssambandsforseta hafi verið bæði lærdómríkt, ögrandi og skemmtilegt. Hún sagðist ekki neita því að það væri nokkuð góð tilfinning að mæta hér sem fráfarandi.

Anna Þóra sagði ennfremur að í orðum sínum til umhugsunar hafði hún leitað í smiðju Sigurðar Nordal prófessors og vitnaði til skrifna hans um þekkingu. Í riti sínum Íslensk menning, sem út kom hjá Máli og menningu árið 1942, fjallar höfundurinn um þekkingu en að miðla þekkingu er einmitt eitt af meginhlutverkum okkar allra, bæði sem kennara og í öðrum störfum okkar sem tengjast fræðslustarfi og menntun innan samtaka sem og annars staðar í leik og starfi. Það hlutverk sem slíkt, verður þó ekki aðalviðgangsefnið hér í dag heldur greining Sigurðar á hugtakinu þekking, en hann segir að þekking sú, sem heimtuð er til almennrar menntunar, sé einkum af þrennu tagi.

Sum er notagild, segir Sigurður, og á þar við nauðsynlega sérþekkingu til þess að vinna fyrir sér, afla sér viðurværis. Hana öðlast menn oftast með námi og/eða reynslu sem þeir afla sér í leik en þó oftari starfi. Þetta er augljóst.

Önnur tegund þekkingar hefur einungis venjugildi, heldur hann áfram og á þar við að menn verði að vita það sem aðrir vita, til þess að vera ekki eins og álfar út úr hól í samtölum, geta lesið blöð og bækur. Oft er þessi þekking skelin tóm eða reykur af réttunum segir Sigurður. Menn verða að þekkja Hamlet, þótt þeir hafi aldrei lesið verk Shakespeares, þekkja Gladstone og Bismarck, þótt þeir botni ekkert í stjórnmálaferli þeirra né einkennum eða, fært til líðandi stundar, menn verða að hafa lesið Karlar sem hata konur, og helst séð bíómyndina Líka, þekkja til Obama og Sarkosky, hafa séð Brák og sótt Menningarnótt í Reykjavík, svo ekki sé nú talað um að vita hvað skúffufyrirtæki er og að hafa lesið allt það nýjasta um Icesavesamningana. Allt þetta til þess að vera nú viðræðuhæfir í dagsins önn.

Þriðja og síðasta tegund þekkingar sem Sigurður greinir og metur mest, er sú þekking sem hann kallar sjálfgild þekking. Sú þekking er þess efnis og svo numin, segir hann, að menn vitkast og vaxa af henni. Frá því sjónarmiði telur hann meira um vert að hafa lesið eina bók sér að gagni en kunna fjölda tómrar titla, betra að vita rækilega um aðal og starf eins merkismanns en nöfn og nakin æviatriði tuga manna. Og það er alls ekki víst, að jafnan sé þroskavænlegast að kynnast því sem tískan hefur gert fleygast segir Sigurður.

Þessa síðustu tegund þekkingar sagði Anna Þóra að við öðlumst í félagsskapnum okkar, þar sem fundirnir eru sífellt uppspretta nýrrar þekkingar, sem hefur gildi fyrir okkur, við finnum og fáum svör við ýmsum spurningum í samskiptum okkar á milli, öðlumst nýja þekkingu með því að hafa augu og eyru opin og taka til okkar þá fræðslu sem á borð er borin á fundunum, en fræðsla getur jú verið frásögn staðreynda, en reyndar getur nokkur fræðsla verið fólgin í því að hlýða á hugrenningar líkt og hér. Þannig öflum við okkur stöðugt þekkingar sem einhvers virði er fyrir okkur sjálfar, þekkingar sem er sjálfgild, kannski vegna þess að við höfum valið okkur þennan félagsskap og að hann hefur sérstakt

gildi fyrir okkur hverja og eina og allar saman.

Að lokum þakkaði Anna Þóra öllum fyrir gott og gefandi samstarf og sagðist hafa látið af starfi landssambandsforseta en væri tilbúin til verka.

Hún óskaði landssambandsforseta, stjórn, nýjum lögsögumanni og formönnum og öllum í deildunum farsældar í starfinu framundan svo og Sigrúnu Klöru í mikilvægu starfi sínu fyrir alþjóðasamtökin. Áður en hún fór úr pontu afhenti hún nýjum landssambandsforseta nælu landssambandsforseta.

Sigurður Nordal (1942). Íslensk menning. Reykjavík. Mál og menning.

Fundargerð síðasta framkvæmdaráðsfundar borin upp: Ingibjörg Auðunsdóttir, ritari landssambandsins fór yfir helstu atriði fundargerðarinnar og kallaði eftir athugasemdum og ábendingum. Ein ábending kom frá Sigrúnu Klöru Hannesdóttur og var fundargerðin löguð í samræmi við ábendinguna.

Ýmis mál

Alþjóðasamtökin: Sigrún Klara Hannesdóttir, annar varaforseti alþjóðasamtakanna rakti sögu DKG. Sigrún Klara fann glærum um samtökin á heimasíðu alþjóðasamtakanna sem hún þýddi, staðfærði og sýndi – *Delta Kappa Gamma. Spurningar og svör*. Glæurnar verða settar sem PTF skjal inn á íslensku heimasíðu DKG. Sigrún Klara sagði að hún hefði heyrt að íslenska vefsíðan væri ein sú besta í samtökunum og að Eygló Björnsdóttir hefði verið nefnd sem Evrópskur vefstjóri.

Forum og Evrópuþingið í Osló: Anna Þóra Baldursdóttir, fráfarandi landssambandsforseti sagði að alþjóðasamtökin skiptast í nokkur svæði og við tilheyrum Evrópu Forum. Á alþjóðafundum eru einnig haldnir Forumfundir. Landssambandsstjórn greiðir fargjald fyrir stjórnarkonu í Forum, en fulltrúi okkar þar er nú Helga Thorlacius í Betadeild. Forum skipuleggur námskeið sem haldin eru á undan Evrópuráðstefnunni, sem í þetta sinn var vefnámskeið Eyglóar Björnsdóttur, vefstjóra, Betadeild. Þetta var annað námskeiðið sem Eygló hélt á Evrópuþinginu. Heiðursviðurkenning Evrópuþingsins kom í hlut Sigrúnar Klöru í ár.

Evrópuþingið í Osló: Anna Þóra Baldursdóttir mun skrifa um þingið í Osló í fréttablað DKG. Alls tóku 14 íslenskar konur þátt í þinginu. Þessi þing eru hefðbundin. Þar eru haldnir fyrirlestrar, málefni okkar rædd á milli dagskráratriða og málstofur eru í höndum DKG félaga. Fjórar íslenskar konur stóðu fyrir málstofu, þær: Anna Þóra Baldursdóttir, Beta, Ingibjörg Einarsdóttir, Gamma, Jóhanna Einarsdóttir, Gamma, María Steingrímsdóttir, Beta og Sigrún Klara Hannesdóttir, Alfa sem einnig sat í pallborði. Mikil umræða var á þinginu um lagabreytingar sem eru fyrirhugaðar. Anna Þóra sagði að samveran DKG félaga skipti máli og væri gefandi. Til hliðar við ráðstefnuna var farið í heimsókn í ráðhúsið í Osló og siglt á gamalli skútu um Oslóarfjörðinn. Lokakvöldverður var með hefðbundnum hætti. Næsta ráðstefna verður í Badenbaden í Svartaskógi 3.– 6. ágúst 2011. Næsta alþjóðaráðstefna verður í Spokane í Washingtonfylki.

Handbókargerð: Anna Þóra Baldursdóttir sagði að þær Ingibjörg Einarsdóttir og Sigrún Jóhannesdóttir hefðu unnið í Handbókargerðinni. Þær hafa bætt inn miklu efni, s.s. eyðublöðum, orðalista og vefslóðum. Sögulegt yfirlit um samtökin er að finna í handbókinni og gott yfirlit yfir skipulag og stjórnun þess. Handbókinni fylgja lög samtakanna og íslenska reglugerðin sem byggir á lögunum. Í handbókinni eru svör við ýmsum spurningum sem vakna og varða starfsemi samtakana, s.s. kosningar, tilnefningar o.fl. Nú er stefnan að setja handbókina á netið og kalla eftir ábendingum frá félögum og formönnum deilda. Handbókin er enn í vinnslu. Þær breytingar sem orðið hafa á handbókinni eru til mikilla bóta. Á alþjóðþinginu 2010 verða lagabreytingarnar teknar fyrir og gengið endanlega frá lögunum. Nú þurfum við að athuga hvað vantar, hvað þarf meira, og svara þeirri spurningu hvort það dugar að hafa handbókina á vefnum? Fram komu athugasemdir um að nokkrir félagar væru ekki með tölvu eða nettengdar. Viðbrögð við þeirri athugasemd var að viðkomandi formaður þyrfti að prenta handbókina fyrir þá félagar sem væru án tölvu og/eða ekki nettengdir, en handbókin er þó fyrst og fremst ætluð stjórnnum deilda og landssambandsins.

Vefmál: Eygló Björnsdóttir þakkaði hlý orð í sinn garð frá Sigrúnu Klöru. Eygló óskaði eftir athugasemdum og ábendingum um heimasíðu samtakanna og tók fram að í dag séum við aðallega að horfa á okkar eigin vef. Eygló upplýsti þó að á vegum European Forum sé ætlunin að koma upp

einföldum vef fyrir Evrópusambandið. Yrði það fyrsta svæðið innan Alþjóðasambandsins sem kæmi sér upp slíkum vef. Sá vefur verður einfaldur í sniðum því búið er að samþykkja hjá Alþjóðasambandinu að koma upp læstu samskiptasvæði sem öll svæðin innan Alþjóðasambandsins hefðu aðgang að. Á þessu vefsvæði (sem konur þurfa lykilorð til að komast inná) verður boðið upp á ýmsa möguleika svo sem tölvupóst, dagatal, spjall, blog, wiki, ráðstefnur, hópvinna o.fl. Evrópuvefurinn er hugsaður sem nokkurs konar millistig til að komast inn á þennan samskiptavef. Eygló benti á að okkar vefur hefði verið með sama útlit í um tvö ár. Flestar deildirnar eða átta deildir eru með virkar síður, misvirkar þó. Vonandi verða þær virkari og virkari. Það sparar peninga að geyma gögn á vefnum.

Það sem þarf að vera til staðar til að hægt sé að opna síðu á deildina er að vera með mynd í haus á forsiðu og kynningarorð. Krafa sem við setjum er að síðan sé ekki tóm.

Á landssambandsíðunni og Betadeildarsíðunni erum við með viðurkenningartákn sem síðurnar fengu frá alþjóðasamtökunum um að þær uppfylli þá staðla sem Alþjóðasambandið setur. Auðvelt er að fá slíka viðurkenningu en hún er sótt til alþjóðasamtakanna. Til að öðlast viðurkenninguna þarf að koma fram á vefnum markmið samtakanna, stefna, hvenær vefurinn var síðast uppfærður, að vefurinn sé ekki notaður í auglýsingaskyni eða í trúarlegum tilgangi, nákvæmar og gagnlegar upplýsingar þurfa að vera, skriflegt leyfi fyrir myndum og nafnbirtingum félaga ef um slíkt er að ræða, einnig leyfi ef við erum með höfundartengt efni. Best er að deildir láti konur krossa við, eða undirrita leyfi fyrir að myndir og/eða netföng þeirra megi birtast á heimasíðum deilda og sá listi sé geymdur með öðrum gögnum deildar.

Eygló sagði að hún hefði verið beðin um að dæma íslensku deildarsíðurnar fyrir Evrópusamtökin, því af skiljanlegum ástæðum geta þeir ekki lesið okkar íslensku vefi til að kanna hvort þeir uppfylli þau markmið sem sett eru. Hún hvatti konur til að senda sér póst ef þær vantar upplýsingar. Ennfremur er gott að hafa dagatal í hverri deild – þar koma fram fundir og aðrar tilkynningar.

Flestar konur vilja hafa sama lykilorðið á öllum deildum. Nokkur umræða varð um myndbirtingar og hvort prenta ætti út félagatalið. Fram kom að mikil andstaða er við hækkun á félagsgjöldum í sumum deildum og Brynhildur Anna Ragnarsdóttir, formaður ETA deildar sagði það kæmi ekki til greina að prenta félagatalið út vegna kostnaðar.

Ný Landssambandstjórn, nefndir: Ingibjörg Jónasdóttir fór yfir nöfn stjórnar- og nefndarkvænna og sagði sumar nefndir vera kosnar á landssambandsþingi en valið í aðrar nefndir. Hún bað konur um tilnefningar í nefndir samtakanna ef vitað væri um konur sem hefðu áhuga á nefndarstörfum. Ljúka þarf mönnun í nefndir fyrir næstu mánaðarmót.

Framkvæmdaáætlun: Ingibjörg Jónasdóttir sagði Vision to action vera yfirskrift alþjóðasamtakanna Þegar hún lagðist undir feld eftir að hafa tekið við þessu verkefni sem forseti næstu tvö ár kveiktu þessi einkunnarorð í henni.

Við höfum sýn en við látum ekki alltaf til skarar skríða. Við þurfum að finna hið góða í kringum okkur – skólustarfi - fræðslustarfi – umhverfi okkar. Hvað getum við gert til góðs, bæði sem einstaklingar og sem DKG konur?

Hún bað konur um að hugsa sjálfar af hverju þær væru hér? Af hverju þær hefðu sagt já þegar þær voru beðnar um að vera í stjórn? Einnig hvað þær vildu leggja af mörkum? Hvernig þær vildu hafa áhrif og koma því í framkvæmd?

Yfirskrift Landssambandstjórnar 2009-2011 verður „Góðir hlutir gerast“ Ingibjörg lagði til að á næstu tveimur árum yrði stuðlað að því að tekið sé eftir því góða starfi sem er í kringum okkur. Samtökin beina því til formanna deilda að á einhvern hátt verði gott starf viðurkennt með því að því að veita því athygli. Það sé í höndum hvernig deildir hvernig það er gert. Ýmsar deildir hafa gert þetta á undarförnum árum og erum við ekki að finna upp hjólið heldur laga brautina fyrir það.

Hún bað formenn að hugsa fyrir sína deild – og hafa „Vision to action“ og „Góðir hlutir gerast“ að leiðarljósi.

Hún lagði fram framkvæmdaáætlun og bað þátttakendur um að lesa hana. Nokkur atriði framkvæmdaáætlunar verða rædd á eftir í hópavinnunni og bað Ingibjörg um athugasemdir og tillögur, en stjórnin miðar að því að setja framkvæmdaáætlunina út á vefinn í lok ágúst.

Í framkvæmdaáætluninni er fjallað um útbreiðslumál, útgáfu og upplýsingamál, samskipti, styrk, lög og viðurkenningar.

Fyrirhugað er að setja upp vinnuhóp um upplýsingamálin; styrkir, útbreiðslumál og fleiri mál verða settar í nefndir.

Vorþing er ákveðið 17. apríl 2010 í Reykjavík og verður það að öllum líkindum opið þing eins og í fyrra. Næsta landssambandsþing verður á Suðurnesjum í umsjón Þetadeildar.

Ingibjörg gat þess að leiðtoganámskeið væri fyrirhugað og framkvæmd þess skoðuð í haust. Naflaskoðun um vefinn er einnig áætluð.

En áhersla er lögð á að finna verkefni/atburði í nærsamfélagi okkar sem eru til fyrirmyndar – styrkjum t.d. unga kennara sem eru að stíga sín fyrstu skef og eru að gera góða hluti.

Í vinnuhópunum eftir hádegi verður umræða um framkvæmdaáætlunina og annað sem fram hefur komið og þarfnast umræðu.

Hádegishlé

HópaVinna: Eftir hádegishlé skipti Ingibjörg J. konum í hópa og ræddar voru spurningar um starfið framundan. Hópurinn sameinaðist aftur og rætt var það sem kom úr hópavinnunni (Sjá punkta úr hópunum)

Ingibjörg J. þakkaði fyrir góðar umræður og hugmyndir. Áætlað er að skoða vel útgáfumál í vetur og vefmál samtakanna. Hún hvatti konur til að nýta vefinn til að kynna betur og fá hugmyndir fyrir starfið s.s. fyrirlestra.

Ingibjörg J. kallaði eftir athugasemdum við framkvæmdaráætlunina.

Ingibjörg J. sagði að Guðbjörg gjaldkeri landssambandsins mundi hafa samband við gjaldkera í haust, en samþykkt var að hækka gjöld til sambandsins í 7500 á landssambandsþinginu í vor. Hún áréttaði að formenn deilda bæru ábyrgð á útgjöldum deilda en ekki gjaldkeri. Spurði hún hvort ógreiddar bækur væru hjá deildunum og varpaði fram spurningu um hvort ætti að prenta fleiri bækur.

Ingibjörg J. sagðist hafa áhuga á að heimsækja allar deildir á tímabilinu. Hún lagði áherslu á að konur innan sambandsins kynntust vel og bað konur að setja sem markmið að a.m.k. fimm konur mættu á þing samtakanna. Hún bað konur að athuga hvaða konur hefðu áhuga á að starfa fyrir samtökin t.d. að gefa kost á sér í nefndir.

Samantekt og umræður: Ingibjörg J. gaf orðið laust. Sigrún Klara hvatti konur til að gefa kost á sér í alþjóðasamtökin og sagði þá vinnu mjög skemmtilega og gefandi.

Fundarkonur ræddu um hve marga fundi væri æskilegt að halda yfir veturinn. Kom fram að fundirnir verða að vera a.m.k. fjórir en að öðru leyti er það undir hverri deild komið.

Ingibjörg J. þakkaði staðarhalda Ingibjörgu Einarsdóttur fyrir aðstoðuna og aðstoðina og gaf henni rós. Hún þakkaði einnig Önnu Þóru, Sigrúnu Klöru og Eygló gott innlegg og gaf þeim rós og einnig nýjum stjórnarkonum, þeim Sóleyju Höllu, Steinunni Á. og Steinunni G. Ingibjörg formaður þakkaði konum fundarsetinu og óskaði þeim góðrar heimferðar.

Vefmál: Eygló fór yfir vefsíður DKG og kenndi á upplýsingaforritið. Nokkrar konur nýttu sér þessa kennslu.

Mættar úr stjórn landssambandsins:

| | |
|-----------------------|---|
| Forseti: | Ingibjörg Jónasdóttir, Gammadeild |
| 1.varaforseti | Sóley Halla Þórhallsdóttir, Þetadeild |
| 2.varaforseti | Steinunn Guðmundsdóttir, Jótadeild |
| Ritari: | Ingibjörg Auðunsdóttir, Betadeild – var frá 10 -12 |
| Meðstjórnandi: | Steinunn Ármannsdóttir, Alfadeild |
| Lögsögumaður: | Guðný Helgadóttir |
| Fyrirverandi forseti: | Anna Þóra Baldursdóttir |
| Fyrirlesari: | Sigrún Klara Hannesdóttir, 2. Varaforseti alþjóðasamtakanna |

Frá deildum landssambandsins voru mættar:

Alfa:

Erna Árnadóttir, formaður og Þóra Kristinsdóttir, gjaldkeri

Beta:

Eygló Björnsdóttir, formaður og Þorgerður Sigurðardóttir, ritari

Delta:

Ingibjörg Adda Konráðsdóttir, formaður og Jensína Valdimarsdóttir, gjaldkeri

Epsilon:

Enginn mættur

Eta:

Brynhildur Ragnarsdóttir, formaður og Bryndís Sigurjónsdóttir, varaformaður

Gamma:

Björg Eiríksdóttir, formaður og Helga Halldórsdóttir, ritari

Jóta:

Edda Björg Kristmundsdóttir, formaður

Kappa:

Marsibil Ólafsdóttir, formaður

Zeta:

Jarprúður Ólafsdóttir, formaður

Peta:

Valgerður Guðmundsdóttir, formaður og Hulda Þorkelsdóttir.

Fundarritari: Ingibjörg Auðunsdóttir